



Háteigur



14. árgangur 9. tbl.

28. október 2010

Munum eftir endurskinsmerkjunum

<http://www.hateigsskoli.is>

Frá skólustjóra

Ágætu lesendur

Nú er veturinn kominn. Mér sýnist menn séu farnir að fagna vetri eins og sumri og er það vel. Ég held raunar að það sé einmitt rétta hugarfarið að fagna öllum árstímum með einhverjum hætti. Svo segja næringarsérfræðingar að við eigum að borða eftir árstíðunum; borða það sem er ferskast á hverjum tíma. Nú er senn tími jólanna með myrkri og ljósum og þeim tíma fögnum við svo sannanlega. Það er ekki langt í að allt samfélagið fari í jólahaminn. Eins og við vitum þá er fyrsti nóvember dagur hamskiptanna þó að ýmsir hafi tekið forskot á sæluna.

Þar með kem ég að efninu. Nú eru til umræðu talsvert miklar breytingar á jólahaldi grunnskólanna með tillögum Mannréttindaráðs Reykjavíkur. Þar er verið að kveða skýrar á um það sem fram kom í skýrslu starfshóps sem birti niðurstöður sínar í febrúar 2007. Í skýrslunni eru tilteknaðar þær forsendur sem gengið er út frá og vísað í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands og mannréttindasáttmála SP. Í hnotskurn merkir þetta að allir eigi að vera frjálsir hugsana sinna, sannfæringar og trúar eins og fram kemur í sáttmálanum. Skólinn má því ekki vera með innrætingu eða trúboð af nokkru tagi. Við í Háteigsskóla höfum farið með yngri og eldri nemendur okkar í kirkju um hátíðirnar og erum með margvíslega starfsemi aðra sem tengist jölunum. Þessi starfsemi er í beinu samhengi við boðskapinn um jólin og þá er ýmsum gildum kristinnar arfleifðar haldið á lofti og ekki síst sett í samhengi við jólasöguna. Sjálfur hef ég skrifað jólapistla í Háteig þar sem ég með einum eða öðrum hætti set þetta samhengi. Í jólapistli mínum fyrir síðustu jóla segi ég til dæmis í framhaldi af hugleiðingu: „Þess vegna er gott að leyfa sér að hlakka til jólanna og lifa anda þeirra því að þau gefa okkur sigurhugmyndir hvort sem það er jólasagan sjálf eða náttúran sem byrjar að veita okkur meiri birtu. Látum anda jólanna og boðskapinn um frið fylla vitund okkar bjartsýni og hugsa til þess sem oft er sagt að allt batni með hækkandi sól.“

Við föndrum og skreytum skólann. Við göngum kringum jólatréð og syngjum söngva (sálma líka) með gleði í hjarta og í þeim söngvum er oftast en ekki vísað í jólasöguna. Ef alls réttlætis ætti að vera gætt sem getið er um í þeim

yfirlýsingum um frjálsan huga og trúfrelsi sem og þeim ályktunum sem komist er að í umræddri skýrslu þá ættum við að hætta öllu jólastandi í grunnskólum. Enda er sú hugsun útfærð í þeim tillögum sem til stendur að leggja fyrir menntaráð frá mannréttindaráði. Í tillögunum eru réttar ályktanir dregnar en þar er einnig texti um að ekki eigi að hrófla við öðrum jólaundirbúningi í skólunum. Þá áttar mannréttindaráðið sig ekki á því að upptalningin í tillögunni hrekur allt jólastand út úr skólunum. Mér sýnist því að hér þurfi að fara einhvern milliveg og taka sér góðan tíma til að breyta áherslum grunnskólans í tengslum við jólin og hver veit nema að við getum leyft okkur að skilja eitthvað eftir af því starfi sem við nú teljum mikilvægt í tengslum við jólin án þess að við brjótum á börnunum sem hafa aðrar lífs- eða trúarskoðanir en þær kristnu.

Við munum halda jólahefðum okkar um þessi jóla enda held ég að við lifum á þeim tímum að það sé mikilvægt að hrófla ekki við því sem stendur hjarta flestra næst. Sem dæmi þá sækja 81,6% nemenda í grunnskólum kirkju á vegum skólanna um jólin. 95% grunnskóla fara einhvern tíma yfir árið með börnin í kirkjur. Við verðum að fá tíma til að breyta þessu. Ég vona að yfirvöldum takist að lenda þessu máli rétt því að nú eru örugglega ekki tíminn til að búa til vandræði, nóg er nú samt.

Ef til vill ættum við að fara að fordæmi Þorgeirs Ljós-
vetningagoða og segja með öfugum formerkjum að nú skuli allir vera frjálsir að trú sinni og skoðunum en menn megi sinna hinni kristnu arfleifð ef það trufli ekki of marga.

Með von og vetrarkveðju,

Ásgeir Beinteinsson

skólustjóri

Hvar?

Hvar er ég? Ég er hér.

Hvar ert þú? Þú ert þú.

Ég er týndur. Þú ert týndur.


Hvar er ég. Hvar ert þú?

Máni Gautason, 7. bekk

Dúkristuna hér til hliðar

gerði Helena Björg

Bjarkadóttir í 7. bekk.



Hjólaferð

Einu sinni í litlum timburkofa vestur í fjöllum voru tveir krakkar sem hétu Kristín og Stefán. Þau bjuggu þar með ömmu sinni og afa. Amma þeirra hét Hildur og afi þeirra hét Baldur. Einn daginn fóru Kristín og Stefán út að hjóla. Þau voru komin lengra en þau höfðu nokkru sinni farið, þegar þau ákváðu að snúa við. En þegar þau ætluðu að snúa við sáu þau ekkert nema tré. Það var eins og allt hefði horfið. Þau settust á stein og vissu ekkert hvað þau áttu að gera. Það endaði með því að þau köstuðu steini um hvaða átt þau áttu að fara. Steinninn lenti hægra megin við línuna sem Kristín hafði dregið. Þau tóku hjólin sín og héldu af stað til hægri. Þau reyndu að taka vel eftir steinum, grjóti og trjám til að vera viss um að þau væru ekki að hjóla í hringi. En þegar þau voru búin að hjóla í að minnsta kosti klukkutíma stóð svona metra löng hvít kanína í vegi fyrir þeim. Þessi stóra hvíta og klunnalega kanína var í blárrí skyrtu með rauðköflóttum skóm og hún var meira að segja í skotabuxum og með skotahatt. Þau snarstönsuðu til að klessa ekki á þessa stórskrýtnu kanínu. Þau virtu kanínuna fyrir sér í svolitla stund. Það var eins og hún tæki ekki eftir þeim fyrr en Kristín kallaði: „Er einhver heima“, og bankaði laust í hausinn á henni. Hún kipptist snögg við og öskraði svo hátt að það mætti halda að allur alheimurinn heyrði til hennar. Kristín og Stefán gripu fyrir eyrun og hlupu í áttina að hjólunum og hjóluðu svo langt til baka að þau hættu ekki fyrr en þau dattu bæði við það að klessa á runnana hennar ömmu Hildar. Ninja Björt Ólafsdóttir, 4. bekk

Skrekkur

Næstkomandi þriðjudag, 2. nóvember, munu nemendur skólans taka þátt í Skrekki sem er hæfileikakeppni grunn-skólanemenda, en strax í haust hófst undirbúningur fyrir keppnina. Við óskum okkar fólki góðs gengis.

Veturinn mikli

Nú er kominn vetur.
Kaldur vindur kemur hér,
hlýja sólin komin og fer,
kakó skaltu drekka,
tími til að byrja allt upp á nýtt,
laufin farin, hin grænu eru farin,
hlýi vindur er, en sólin farin.
Nú er skóli, læra með hinum
krökkunum.
Nú byrjum við á
vetrarleikjunum.
Veturinn minn er kominn á ný.
Kolfinna Eypórsdóttir, 6. bekk



Dúkristuna hér fyrir ofan gerði Ingibjörg Einarsdóttir í 7. bekk

Hvers konar ást

Hvers konar ást
er að kveljast og þjást?
Ég mun eignast þig
um leið og ég hef sannað mig.
Fallegt sumarkvöld
er ég tek yfir völd.
Kemur þú í bæinn
yfir endilangan sæinn.

Anna Margrét og Ingibjörg í 7. bekk

Stjörnusjónauki að gjöf

Stjörnuvísindafélag Íslands, Stjörnuskoðunarfélag Seltjarnarness og landsnefnd um ár stjörnufræðinnar 2009 hefur með aðstoð góðra aðila ákveðið að færa öllum grunn- og framhaldsskólum á Íslandi stjörnusjónauka að gjöf. Tilgangurinn er að efla áhuga íslenskra nemenda á raunvísindum og gera þeim kleift að sjá undir alheimsins með eigin augum. Með sjónaukanum fylgir heimildarmynd með íslenskum texta um 400 ára sögu stjörnusjónaukans. Við gleðjumst mjög yfir þessu frábæra framtaki. Það er þegar ljóst að þessi gjöf verður stjörnuskoðun til framdráttar hér í skólanum.

Ást í lífi stráks

Eitt sinn var strákur
sem stúlku sá,
stúlkan er sú sem hjartað hans á.
Er hún sú eina sanna
sem að þessi strákur þráir?
Er það er rétt þá byrjar hún á Háí.
Hann þráir hana og elskar svo feitt,
um leið og hann sér hana brosir
hann breitt.
Stúlkan er sú sem margir vilja,
vonandi fær hann henni að ylja.



Alexander Jón Másson, 7. bekk

Klippiprykkið hér fyrir ofan gerði Elín Phuong My Phang í 4. bekk.

Stóra fótboltamótið

13. október var stóra fótboltamótið sem íþróttanefnd nemendafélagsins skipulagði í samvinnu við skólastjóra og íþróttakennara.

Keppt var í þremur deildum; á yngsta stigi, miðstigi og unglingastigi. Fótboltamótið var haldið til að fagna nýja boltagerðinu.

Keppnin var einstaklega spennandi og skemmtileg. Þeir nemendur sem vildu taka þátt voru dregnir í lið með tilviljunarúrtaki; drengir og stúlkur léku saman.

Nemendur á öllum aldurstigum sýndu einstaklega íþróttamannslega framkomu sem er bæði lofsvert og ánægjulegt, því að fyrirfram hefði mátt ímynda sér að mikið óþol gæti verið í þeim nemendum sem eru langt komnir í iðkun fótbolta. Markmiðið okkar náðist að allir kepptu saman á jafnréttisgrundvelli og það tókst með miklum ágætum. Þeir nemendur sem ekki kepptu fylgdust með eða voru við nám og störf inni í skólanum.

Vinningslið yngsta stigs var skipað Ásdísi í 2. bekk, Önnu H., Rökkva og Bryndísi í 3. bekk og Birgi, Birgittu og Róbert Orra í 4. bekk. Í vinningsliði miðstigs voru Haraldur, Marta og Unnur í 5. bekk, Steinunn, María og Valgerður í 6. bekk og Alexander í 7. bekk. Í vinningsliði unglingastigs voru Darri Már í 8. bekk, Einar Darri og Rúna í 9. bekk og Gunnlaugur, Jón Konráð og Björn í 10. bekk.

Við erum bæði stolt og glöð út af þessum frábæra degi og munum endurtaka stóra fótboltamótið í Háteigsskóla í byrjun maí. Íþróttanefndinni (Sigurjóni, Bjarka og Guðmundi) eru færðar þakkir fyrir skipulagið og góða samvinnu.

Spakmæli mánaðarins:
Gott líf felst í því að gera þá hluti vel
sem maður getur gert vel.